

Efni: Umsögn um lög 675 : tímabundinn rekstrarstuðningur vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ

Hjá Höllu

Hjá Höllu er 15 ára gamal fyrirtæki í veitingarekstri. Fyrirtækið hefur vaxið á hverju ári og þann 10 nóvember síðastliðinn voru rúmlega 1.000 manns að borða mat frá okkur í gegnum þrjá sölustaði; á veitingastað okkar á Keflavíkurflugvelli, á veitingastað okkar í Grindavík og í fyrirtækjum á Suðurnesjum og höfðuborgarsvæðinu þar sem við sendum beint í fyrirtæki. Starfsmenn þann 10.nóvember voru 28 auk hlutastarfa.

Mest allur matur fyrir þessa 1.000 manns var eldaður á veitingastað okkar að Víkurbraut 62 í Grindavík sem við höfum ekki lengur aðgang að.

Þar sem við vorum búin að vaxa upp úr þessu eldhúsi, líkt og við gerðum fyrst heima og svo í húsnæði þar sem nú hýsir VIGT, vorum við búin að fjárfesta í fiskvinnsluhúsi að Staðarsundi 16B og útbúa það fyrir matvælaframleiðslu. Það húsnæði hefur verið dæmt ónýtt hjá NTÍ eftir jarðhræringarnar.

Í dag er Hjá Höllu keyrt á lágmarks-vinnslu. Veitingastaður okkar á Keflavíkurflugvelli er opinn en á rólegasta tíma ársins. Fyrirtækjapjónusta, veisluþjónusta og veitingastaður í Grindavík er hins vegar lokuð. Við höfum þó haldið ráðningarsambandi við flesta starfsmennina.

Þar sem við höfum ekki lagt okkur í vana að leggja árar í bát þó á móti blási(höfum samt gengið í gegnum fall WOW og vandræði með Max vélar og Covid sem allt hafði mikil áhrif á stað okkar á Keflavíkurflugvelli og í Grindavík) þá munum við halda ótrauð áfram. Við höfum verið neydd til að fara á nýjan stað en þegar við komum til baka verðum við enn sterkari.

Grindvíkingar eru 1% af þjóðinni en skapa rúmlega 3% af þjóðarframleiðslu. Það væri óhagkvæmt fyrir þjóðarbúið að missa af þessum drifkrafti en með aðstoð ríkisins við að koma löppum undir fyrirtækin aftur þá fengist sá styrkur margfaldur til baka í framtíðar skatttekjum.

Ábendingar hvað betur má fara í fyrirbyggjandi frumvarpi

5. grein, 40% tekjufall

Frumvarp þetta, sem tekur mið af tekjufallsstyrk í covid, hentar best þeim fyrirtækjum sem verður haldið sofandi. En líkt covid þá er starfsemi óbreytt á öllu landinu fyrir utan Grindavík. Hjá sumum fyrirtækjum er stór hluti af viðskiptavinum enn til staðar en það þarf að þjónusta þá tímabundið frá annarri staðsetningu. Um leið og fyrirtækin finna nýjar leiðir til að nálgast sína viðskiptavini með öðrum hætti þá er hætta að tekjufallið verði minna en 40%. Hins vegar hlýst ýmislegur kostnaður við að þjónusta viðskiptavinina áfram. Í okkar tilfalli þurfum við koma okkur upp öðru eldhúsi með öllum þeim kostnaði sem fylgir því. Á sama tíma erum við að borga af lánum og rekstrarkostnað á ónýttu eldhúsi í Grindavík. Ferðakostnaður starfsmanna mun einnig stórukast, sem fyrirtækin munu þurfa að koma til móts við, ásamt öðru óhagræði.

5. grein, margfeldi með stöðugildum

Í húsfélaginu að Víkurbraut 62, þar sem veitingastaður Hjá Höllu er staðsett, er Grindavíkurbær og Framkvæmdasýslan eigendur að efri hæð en á neðri hæð eru flestir eigendur einstaklingar sem leigja út húsnæði undir hárgreiðslustofu, fataverslun, sjoppu, lyfjabúð og vínbúð.

Þessir einstaklingar bera ýmsan rekstrarkostnað en tekjurnar eru í formi leigutekna. Stöðugildi eru hins vegar fá bak við hverja einingu ef þá nokkur. Samkvæmt þessu frumvarpi fá þessir einstaklingar eða fyrirtæki því lítinn sem engan stuðning þrátt fyrir margvíslegan kostnað.

Engar eru leigutekjurnar því fyrirtækin sem leigja af þeim er lokuð vegna takmarkaðs aðgengi viðskiptavina þeirra.

Nokkur atriði sem væri æskileg að verði bætt við frumvarpið eða önnur frumvörp taki mið að

Tryggingar

Ekki er hægt að hefja rekstur aftur í Grindavík fyrr en komið er á hreint hvernig tryggingamál verða.

- Flest fyrirtækin eru með rekstrarstöðvunartryggingu sem tryggingarfélagin hafa ógít.
- Til þess að hefja rekstur aftur í Grindavík þarf að byggja upp lager af þurrvörum, kjöti og ferskvöru. Ef það þarf hins vegar að loka í flýti þarf að vera til staðar ferli til að bjarga, allavega ferskvörunni, fljótt eða fá endurgreiðslu fljótt. Við höfum tvisvar misst okkar ferskvörulager á síðustu mánuðum.
- Óvissa er hvernig tryggingar er háttáð á tækjum og búnaði á meðan náttúrvá stendur yfir.
 - Mun tryggingar greiða ef gerð er krafa um að tækin séu flutt og þau skemmast í flutningi eða í geymslu
 - Mun tryggingar greiða ef tækin eru ekki flutt þegar tækifæri gefst en skemmast svo í jarðhræringum/eldgosi.

Aðstoð við að flytja fyrirtæki úr og í bæinn aftur

Mikill kostnaður fylgir því að koma upp atvinnuhúsnæði í öðru bæjarfélagi á meðan ekki er hægt að halda út rekstri í Grindavík. Einnig verður kostnaður til við að færa reksturinn aftur til Grindavíkur þegar tækifæri gefst. Styrkur á móti þessum kostnaði væri æskilegur.

Fyrirsjáanleiki

Til þess hægt sé að hefja aftur rekstur í Grindavík þyrfti fyrirsjáanleikinn að vera meiri. Okkar vísindamenn eru þeir fremstu í mati á hættu og ásamt þéttu neti mæla er hægt að spá fyrir með nokkurri vissu hvenær líkur eru á gosi. Ef marka má síðustu gos þá lýkur þeim innan nokkurra daga og eftir að almannavarnir hafa gengið í skugga um að engar stórvægilegar breytingar hafa orðið þá mætti hefja rekstur aftur þangað til landrисиð er komið upp að fyrri mörkum.

Eða eins og Bláa Lónið hefur ítrekað sagt “loka fljótt og opna fljótt”

Lánamál

Sömu úrræði eru ekki í boði fyrir lögaðila og einstaklinga þ.e. ekki er hægt að frysta bæði afborganir og vaxtagreiðslur. Æskilegt að jafnræði væri hjá viðskiptabönkum okkar hvað varðar einstaklings- og atvinnuhúsnæði.

Uppkaup á atvinnuhúsnæði

Ríkisstjórnin hefur sett inn frumvarp um uppkaupt fasteigna einstaklinga að upphæð 95% af brunabótamati sem er vel. Fyrirtæki með starfsemi í Grindavík eiga mörg fasteignir sem eru brunatryggðar samkvæmt lögum 55/1992 um Náttúrhamfaratryggingu. Engin munur er því á tryggingum íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis og því ósanngjarnt að atvinnuhúsnæði sé tekið út fyrir sviga í lögum um uppkaupt fasteigna í Grindavík.

Virðingarfyllt,
Sigurpáll Jóhannsson
Halla María Svansdóttir
Eigendur Hjá Höllu